

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrögnum verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. desember 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

6. desember 1975.

Nr. 512.

REGLUGERÐ

um skólareglur o. fl. í grunnskóla.

1. gr.

Skólastjóri, kennarar og nemendur grunnskóla skulu í sameiningu kosta kapps um, að heilbrigður samstarfsandi ríki í skólanum.

2. gr.

Nemendur grunnskóla skulu sækja skóla nema veikindi eða önnur gild forföll hamli.

3. gr.

Hver skóli setur sér skólareglur. Skólastjóri og kennararáð (kennarafundur) skulu, þegar aldur og þroski nemenda leyfir, hafa um þær samráð við þá, sbr. 22. gr. grunnskólalaga. Skólareglur skulu, eftir því sem við á, kveða á um umgengnishætti í skólanum, stundvísi og bindindissemi. Þær skulu og hafa að geyma sérákvæði vegna heimavistar og þau ákvæði önnur, er nauðsyn krefur á hverjum stað.

Reglur þessar leggi ekki óeðlilegar hömlur á nemendur, heldur venji þá við tilítssemi í umgengni og hollar lífsvenjur.

4. gr.

Nemendum ber að fara eftir skólareglum og temja sér prúðmannlega framkomu. Þá ber þeim að hlíta fyrir mælum skólastjóra, kennara og starfsfólks skóla í öllu því, er skólan varðar. Starfsmenn skóla skulu sýna nemendum sanngirni og háttvísi.

Ræða skal við nemendur um nauðsyn á ákveðnum reglum og umgengnisháttum, jafnt í litlum hópum sem stórum samfélögum.

5. gr.

Í einstökum tilvikum má víkja nemanda úr kennslustund, ef hann hefur valdið verulegri truflun og ekki látið skipast við áminningu kennara. Nemanda skal þá jafnan vísað á ákveðinn stað í skólanum, svo sem skrifstofu skólastjóra eða yfirmenn kennara, skrifstofu skólans eða kennarastofu, allt eftir aðstæðum. Skal kennari jafnan ræða málið einslega við nemanda.

Við endurtekna brottvikningu nemanda úr kennslustund skal kennari ræða málið við skólastjóra og forráðamenn nemandans. Skólastjóri skal leitast við að ljúka málinu. Takist það ekki vísar hann því til fræðslustjóra, sem hlutast til um sérfræðilega meðferð þess.

6. gr.

Nú veldur nemandi vandræðum í skóla með hegðun sinni. Ber þá umsjónarkennara að leita orsaka og reyna að ráða bót á, m. a. með viðtölum við nemandann og forráðamenn hans. Ef viðleitni kennarans ber ekki árangur, skal hann vísa málinu til skólastjóra, sem kannar það frá öllum hliðum.

Geti skóli og heimili ekki í sameiningu leyst vandann, vísar skólastjóri málinu til fræðslustjóra til sérfræðilegrar meðferðar. Forráðamönnum nemandans skal tilkynnt sú ákvörðun án tafar, hafi hún ekki verið tekin í samráði við þá.

Meðan málið er óútkljáð getur skólastjóri vísað nemandanum úr skóla um stundarsakir, enda hafi hann tilkynnt forráðamönnum nemandans og fræðslustjóra þá ákvörðun.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skulu teknar í samráði við kennararáð (kennarafund) og kennara þess nemandans, sem hlut á að máli.

7. gr.

Pegar máli nemandans er vísað til fræðslustjóra samkvæmt 5. eða 6. gr. tekur hann málið til meðferðar og beitir sér fyrir skjótum úrbótum í samráði við skólanefnd og sálfræðipjónustu.

Til þess að einstaklingsrannsókn á nemandans og högum hans fari fram skal samþykki forráðamanna nemandans að jafnaði áskilið. Réttur forráðamanna til að hafna slíkri sérfræðilegri meðferð takmarkast þó við það sem leiðir af ákvæðum laga, sbr. 6. gr. grunnskólalaga og lög nr. 53/1966, með áorðnum breytingum, um vernd barna og ungmenna.

Fræðslustjóri sker úr málum nemandans, sem vísað er til hans samkvæmt þessari reglugerð. Vilji forráðamenn nemandans ekki hlíta úrskurði fræðslustjóra getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 54. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 513.

3. desember 1975.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir varasjóð Sparisjóðs Fáskrúðsfjarðar, Fáskrúðsfirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. desember 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

varasjóðs Sparisjóðs Fáskrúðsfjarðar, Fáskrúðsfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Varasjóður Sparisjóðs Fáskrúðsfjarðar. Sparisjóður Fáskrúðsfjarðar var stofnaður 28. júní 1922 og starfaði til 30. maí 1974.